

**Nd.**

**142. Breytingartillögur**

**[11. mál]**

við frv. til laga um rannsóknarlögreglu ríkisins.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur með höndum lögreglurannsóknir brotamála í Reykjavík, Kópavogi, Seltjarnarneskaupstað, Garðakaupstað, Hafnarfirði og Kjósarsýslu, að því leyti sem þær eru ekki í höndum lögreglustjóra þar, samkvæmt ákvæðum þessara laga eða annarra réttarreglna.

Með sama hætti skal rannsóknarlögregla ríkisins hafa með höndum rannsóknir brotamála í Keflavík, Grindavík, Njarðvíkum, Gullbringusýslu og á Keflavíkurflugvelli þegar dómsmálaráðherra ákveður.

2. Við 4. gr. Í stað orðanna „utan Reykjavíkur“ komi: utan þeirra umdæma, sem upp eru talin í 3. gr.

3. Við 6. gr.

a) Upphaf greinarinnar orðist svo:

Við embætti lögreglustjóra í umdæmum, þar sem rannsóknarlögregla ríkisins hefur með höndum lögreglurannsóknir brotamála, sbr. 3. gr., skulu starfa sérstakar rannsóknarlögregludeildir undir stjórn viðkomandi lögreglustjóra.

Deildir þessar skulu annast o. s. frv.

b) Í stað orðanna „embætti lögreglustjóra“ í 5. lölulið komi: viðkomandi lögreglustjórum.

4. Við 7. gr. Orðin „utan Reykjavíkur“ falli brott. Í stað þeirra komi: utan þeirra umdæma, sem upp eru talin í 3. gr.

5. Við 9. gr. Í stað orðanna „lögreglustjóraembættisins í Reykjavík“ komi: lögreglustjóra.